

## Mannauðsstefna Skóla Ísaks Jónssonar

Með því að gera einkunnarorð skólans: *starf, proski, háttvísi og hamingja*, að okkar gildum, þá tökum við ákvörðun um að virða þau og halda þeim á lofti. Við viljum mæta framtíðinni í auðmýkt og nýta þá þekkingu og menningu sem hefur skapast hjá skólanum. Við leggjum áherslu á samstilltan vinnustað þar sem boðleiðir eru stuttar. Við viljum laða að okkur framúrskarandi og fjölbreytt starfsfólk og sýna því í verki að það er ein af okkar mikilvægustu auðlindum.



**Skóli Ísaks Jónssonar**  
Sjálfsseignarstofnun

## Starf

Við erum stolt af starfinu okkar. Við erum iðin, skapandi og fróðleiksfús. Við viljum laða að okkur og halda í fært og metnaðarfullt starfsfólk. Starfsfólk okkar deilir ástríðu okkar fyrir menntun og velferð nemenda. Það miðlar þekkingu sinni af áhuga og gleði. Við vöndum til verka og drögum lærdóm af eigin verkum og annarra. Við leggjum áherslu á jafnrétti og jöfn tækifæri starfsfólks. Skóli Ísaks Jónssonar er einn vinnustaður í öllum sínum fjölbreytileika.

## Þroski

Við horfum til framtíðar og trúum því að samvinna sé lykillinn að sterku skólasamfélagi. Við hvetjum til frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum. Við leggjum áherslu á að starfsfólk hafi tæknilega þekkingu. Við berum ábyrgð á sjálfum okkur og höfum í heiðri samkennd og fjölbreytni.

## Háttvísi

Við berum virðingu fyrir okkur sjálfum og öðrum, hefðum og venjum. Við hlustum eftir skoðunum annarra og trúum því að fjölbreytileiki sé lykill að lausnum. Við höfum jafnrétti að leiðarljósi í öllum okkar gjörðum. Við leitumst við að öllum líði vel í skólanum okkar.

## Hamingja

Við bjóðum upp á sveigjanleika til að gera starfsfólki kleift að samræma starf og einkalíf. Með því að hlúa vel að starfsfólki okkar stuðlum við hamingju þess og velferð. Við vitum að hamingjusamt starfsfólk er undirstaða árangursríks skólasamfélags. Við vinnum í samvinnu og gleði og erum styðjandi eining.

# Starf

## Áherslur

### Gagnsæir stjórnunarhættir og verkferlar

Við miðlum upplýsingum um ákvarðanir og fylgjum samþykktum ferlum sem tryggja gagnsæi í stjórnun

### Kjaramál og jafnlaunavottun

Við erum stolt af jafnlaunavottuninni okkar og erum auk þess með sjálfstæða launastefnu sem tryggir að við getum boðið samkeppnishæf kjör fyrir starfsfólk

### Mælanleg markmið

Við setjum okkur mælanleg markmið til þess að vita hvar við stöndum og til þess að geta brugðist við þegar á þarf að halda

## Markmið

Að vera fagleg í því sem við gerum

Að gera vel við fólk okkar

Að vera eftirsóttur vinnustaður

Að taka vel á móti nýjum starfsfólki og leiðbeina þeim



# Þroski

## Áherslur

### **Frumkvæði og nýsköpun**

Við veitum starfsfólki okkar tækifæri til að taka frumkvæði og hugsa út fyrir kassann í að þróa fjölbreyttar kennsluaðferðir og skapandi leik

### **Tækifæri til símenntunar**

Við hvetjum starfsfólk til að sækja námskeið og fyrirlestra til þess að sækja sér fjölbreytta þekkingu sem skilar sér til alls skólasamfélagsins

### **Teymisvinna**

Við leggjum áherslu á að öll fái að hafa áhrif á vinnulag og áherslur með þátttöku í stefnumótandi teymisvinnu

## Markmið

Að öll tileinki sér nýjungar sem nýtast í leik og starfi

Að öll læri af styrkleikum annarra

Að öll fái jöfn tækifæri til frekari þróunar í starfi

Að öll geti orðið að faglegum leiðtogum



# Háttvísi

## Áherslur

### Áætlanir

Við vinnum eftir jafnréttisáætlun og áætlun gegn einelti til þess að tryggja jöfn tækifæri fyrir öll

### Siðareglur

Við setjum okkur siðareglur og viðmið til að viðhalda trausti, heiðarleika og ábyrgð

### Umhverfisstefna

Við berum virðingu fyrir umhverfi okkar og vinnum að því að bæta umhverfið og umhverfisvitundina með fræðslu

## Markmið

Að öll upplifi að þau séu hluti af heild

Að öll trúi á gildin okkar og vinni eftir þeim

Að öll sýni gott fordæmi með því að flokka og endurnýta



# Hamingja

## Áherslur

### Sveigjanleiki

Við erum fjölskylduvænn vinnustaður sem virðir einkalíf starfsfólks og bjóðum upp á sveigjanlegan vinnutíma þar sem því verður komið við

### Starfsánægja

Við viljum stuðla að starfsánægju með því að gera vel við fólkið okkar í kjörum og byggja upp jákvæðan starfsanda þannig að öll upplifi sig sem hluta af hrósandi heild

### Lýðheilsa

Við leggjum áherslu á að styðja við lýðheilsu starfsfólks, meðal annars með því að bjóða upp á samgöngustyrk, jógatíma og hvetjum til heilbrigðra lífshátta

## Markmið

Að öll hafi rödd

Að öll finni að vinnustaðurinn styðji við ólíka einstaklinga

